

líknarstarfsemi, sem líkasta þeirri, sem gert er ráð fyrir í skipulagsskrá þessari, **52**
 enda fáið á þá breyting konungleg staðfesting. 19. júní

Suðureyri, 15. marz 1934.

Ólafía Ólafsdóttir.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Sjúkraskýlissjóð Bolungavíkur“, **53**
 útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra 20. júní 1934. 20. júní
 Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjúkraskýlissjóð Bolungavíkur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Sjúkraskýlissjóður Bolungavíkur“, og er heimili hans og varnarþing í Bolungavík. Sjóðurinn er jafnan eign íbúa Hólshrepps, hann er sjálfstæð stofnun, hefir sérstakt fjárhald og skal framvegis vera óháður fjárreiðum sveitarsjóðsins. Ákvæðum þessarar greinar má aldrei breyta.

2. gr.

Sjóðurinn er myndaður á tímabilinu frá 23. nóvember 1919 til þessa dags, með fjársöfnun í Hólshreppi, aðallega með samskotum, tekjum af skemmtunum og 5000 króna framlagi úr sveitarsjóði Hólshrepps á árunum 1921 til 1924. Fyrstu gjafirnar til sjóðsins eru 95 krónur frá Halldóri Kristinnssyni héraðslækni, tekjur af fyrirlestri, sem hann hélt í Bolungavík, og 100 krónur frá Guðríði Jónsdóttur og Arngrími Fr. Bjarnasyni, gjöf til minningar um barn þeirra. Eignir Sjúkraskýlissjóðsins, ásamt minningarsjóðnum, eru í dag kr. 23260,98, þar af kr. 22260,98 í viðskiptabók nr. 576 við Sparisjóð Bolungavíkur og 1000 króna eiginvixill oddvita Hólshrepps til greiðslu 30. marz 1934. Sjóðurinn stendur nú sem veð, auk annara trygginga, fyrir 12 þúsund króna skuld Hólshrepps við Sparisjóð Bolungavíkur.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Vextir af höfuðstólnum.
2. Skemmtanaskattur samkvæmt reglugerð um skemmtanaskatt í Bolungavík.
3. Tekjur af sölu minningarspjalda.
4. Gjafir og áheit, sem sjóðnum kann að áskotnast.

Tekjur samkvæmt 2. lið renna fyrst um sinn í byggingarsjóð barnaskóla

53 Hólshrepps, meðan fjársöfnun í þann sjóð stendur yfir, þó eigi lengur en til árs-
20. júní loka 1940.

Sjóðinn skal jafnan ávaxta í Sparisjóði Bolungavíkur ef hann greiðir jafn háa vexti og Landsbanki Íslands og stjórn Sjúkraskýlissjóðsins telur það tryggt. Sjóðurinn sé ávaxtaður með þeim kjörum, að hann geti verið handbær með hæfilegum fyrirvara.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

1. Að styrkja byggingu sjúkraskýlis í Bolungavík.
2. Að taka árlega þátt í reksturshalla þess.
3. Að styrkja fátæka sjúklinga, sem heima eiga í Hólshreppi.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn: Héraðslæknir Hólslæknishéraðs, og er hann formaður stjórnarinnar, sóknarprestur Hólsprestakalls, formaður Sparisjóðs Bolungavíkur, oddviti Hólshrepps og skólastjóri barnaskóla Hólsskólahéraðs. Nú verður stjórn sjóðsins ekki fullskipuð á þenna hátt, annaðhvort af því að einhver, eða einhverjar þessara sýslana falla niður, eða af því að sami maður hefir fleiri en eina þeirra á hendi samtímis, og útnefni þá ráðuneytið mann eða menn til viðbótar í stjórnina, fyrir það tímabil, sem svo er ástatt, að fengnum tillögum þeirra, sem fyrir eru í stjórn sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins hefir á hendi reikningshald sjóðsins og gerir ársreikninga hans í lok hvers almanaksárs. Skulu reikningarnir jafnan fylgja sveitarreikningum Hólshrepps til endurskoðunar og samþykktar, og sé nettó-eignar sjóðsins jafnan getið í aðalfundargerð sýslunefndar. Stjórnin hefir á hendi framkvæmdir allar fyrir sjóðinn og hefir hún æðsta vald um málefni hans, innan þeirra takmarka, sem skipulagsskrá hans setur á hverjum tíma. Verði ágreiningur um hvort einhver ráðstöfun sé í samræmi við skipulagsskrána, sker ráðuneytið úr.

7. gr.

Sjóðnum skal skipt í tvær deildir, A-deild og B-deild og falla 2000 krónur í B-deildina, en eftirstöðvarnar í A-deild. Deildirnar hafa aðskilið reikningshald.

8. gr.

Úr A-deild má verja fé til byggingar sjúkraskýlis í Bolungavík. Það er skilyrði fyrir framlagi sjóðsins til byggingarinnar að skýlið sé vandað, byggt úr varanlegu efni og að það sé af hæfilegri stærð, miðað við fólksfjölda í hreppnum og aðrar ástæður. Einnig er til þess ætlast, að hreppurinn, eða annar aðili, byggi jafnframt á sinn kostnað, í sambyggingu við skýlið, vandaðan læknisbústað af hæfilegri stærð, nema annað verði álitid hagkvæmara. Heilbrigðisstjórn ríkisins lætur gera, eða samþykkir teikningu af byggingunni.

Ekki má verja meiru af fé sjóðsins til byggingar sjúkraskýlisins, heldur en svo að eftir verði 15000 krónur í A-deild. Ekki má framlag úr sjóðnum heldur vera hærra en allur stofnkostnaður sjúkraskýlisins, með innanhúsmunum og áhöldum, að frá dregnum styrk til byggingarinnar úr rikissjóði og annarsstaðar frá, ef um slíkan styrk verður að ræða. 53
20. júní

9. gr.

Hreppsnefnd Hólshrepps ákveður hvenær sjúkraskýlið skuli byggt. Ef hreppsnefnd ákveður að byggja áður en sjóðurinn hefir náð þeirri stærð, að öruggt þyki að framlag úr honum, samkvæmt 8. gr. nægi fyrir öllum stofnkostnaði sjúkraskýlisins, greiðir sveitarsjóður það, sem á vantar og setur tryggingu fyrir greiðslunni, áður en byrjað er á verkinu. Sé slík trygging ekki sett, greiðir sjóðurinn ekki framlag sitt fyr en verkinu er lokið. Hreppsnefnd annast framkvæmd verksins undir eftirliti stjórnar sjóðsins.

10. gr.

Hólshreppur kostar rekstur sjúkraskýlisins og annast hreppsnefnd hann eftir starfsreglum, sem samdar skulu af hreppsnefnd, héraðslækni og stjórn sjúkraskýlisins í sameiningu. Náist ekki samkomulag um starfsreglurnar, sker ráðuneytið úr. Verði tekjuhalli á rekstri skýlisins, að viðhaldskostnaði öllum meðtöldum, ber sjóðnum að taka þátt í honum með allt að $\frac{3}{4}$ hlutum þeirrar upphæðar, sem vextir af eftirstöðvum A-deildar námu, það almanaksár, sem reksturshallinn varð, en $\frac{1}{4}$ hluti vaxtanna leggst jafnan við höfuðstólinn. Ef höfuðstóll A-deildar rýrnar af einhverjum ástæðum, eftir að byggt hefir verið, svo að hann nemi ekki fullum 15000 krónum, leggjast þó jafnan hálfir vextirinnir við höfuðstólinn þar til hann hefir aftur náð þeirri upphæð. Til þess er ætlast að skýlið sé rekið í sambandi við heimili læknisins, nema annað reynist hagkvæmara.

Dó skipulagsskrá þessari verði breytt samkvæmt 15. gr. eftir að sjúkraskýlið hefir verið byggt, má ekki létta af sjóðnum skyldunni til þátttöku í reksturshalla þess, nema samþykki hreppsnefndar komi til.

11. gr.

Nú er eitthvert ár ekki ráðstafað öllum þeim hluta af vöxtum A-deildar sjóðsins, sem komið geta til útborgunar, samkvæmt 10., 12. og 13. gr., eða ef vextir, sem ráðstafað hefir verið, eru ekki teknir út á næsta ári, eftir að þeir mynduðust og leggjast þeir þá við höfuðstól sjóðsins. Tekjur sjóðsins, aðrar en vextir, leggjast einnig jafnan við höfuðstól A-deildar.

12. gr.

Séu eitthvert ár ekki notaðir til þess að greiða reksturshalla skýlisins, samkvæmt 10. og 13. gr., allir þeir vextir, sem komið geta til útborgunar, má stjórn sjóðsins úthluta eftirstöðvunum til fátækra sjúklinga, búsettra í Hólshreppi.

53

20. júní

13. gr.

Sjúkraskýlið með áhöldum og innanhúsmunum, er jafnan eign sjúkraskýlis-sjóðsins í réttu hlutfalli við þátttöku hans í stofnkostnaði þess.

Nú kemur það fyrir að ríkið tekur á sínar herðar hlutverk það, sem sjúkra-skýlinu er ætlað, eftir að það hefir verið byggt, eða að rekstur þess fellur niður um lengri tíma og sýnt þykir að það muni ekki verða rekið á næstu árum, og að þess muni heldur ekki þörf til hliðstæðrar líkna starfsemi. Skal eignin þá seld og hluti sjóðsins af andvirði hennar leggjast við höfuðstól A-deildar, sem svo ávaxtast áfram þar til skipulagsskrá þessari verður næst breytt á löglegan hátt.

Ef rekstur skýlisins fellur þannig niður, en hreppsnefnd kýs að nota húsið til hliðstæðrar líkna starfsemi, og er það þá heimilt án endurgjalds. Einnig má verja allt að hálfum vöxtum A-deildar til að greiða reksturshalla slíkrar starfsemi, þar til skipulagsskrá þessari næst verður breytt á löglegan hátt, enda samþykki stjórn sjóðsins starfsreglur fyrir þá starfsemi.

14. gr.

Allir vextir af B-deild leggjast við höfuðstólinn. Ef endurbyggja þarf skýlið, má verja B-deild til þess, nema 2000 krónum, sem eftir skulu skildar og ávaxt-aðar á sama hátt, þar til skýlið aftur þarf endurbyggingar við.

15. gr.

Á tuttugu og fimm ára fresti má þáverandi stjórn sjóðsins, í samráði við stjórnarvöld hreppsins, breyta skipulagsskrá þessari í samræmi við breytta tíma, enda sé slík breyting staðfest af ráðuneytinu. Höfuðstól A-deildar sjóðsins má þó aldrei skerða, nema til þess eins og í það eina skipti, sem gert er ráð fyrir í skipulagsskrá þessari.

Þyki ekki lengur ástæða til þess að láta sjóðinn starfa á því sviði, sem honum er afmarkað með skipulagsskrá þessari, má fá honum annað, eða önnur starfssvið til almenningsheilla í Hólshreppi.

Bolungavík, 4. desember 1933.

Í skipulagsskrárnefnd sjóðsins:

Jón J. Fannberg.

Bjarni Eiríksson.

Steinn Emilsson.

Í hreppsnefnd Hólshrepps:

Jóh. Teitsson, (oddviti).

Finnbogi Guðmundsson.

Finnbogi Bernóðusson.

Bjarni J. Fannberg.

Kristján Ólafsson.